

13. FUNDUR Í ÚTHLUTUNARNEFND UPPBYGGINGARSJÓÐS VESTURLANDS

BORGARNESI, MIÐVIKUDAGINN 22. JANÚAR 2020 KL. 14:30

Fundur haldinn í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vesturlands, miðvikudaginn 22. janúar kl.14:30 á skrifstofu SSV í Borgarnesi.

Mætt voru: Helena Guttormsdóttir, formaður, Sigríður Finsen, Jónína Erna Arnardóttir, Kristján Sturluson og Brynjar Sigurðarson.

Auk þess sátu starfsmenn SSV fundinn að hluta eða í heild: Ólafur Sveinsson (Atvinnu- og nýsköpunarstyrkir), Ólöf Guðmundsdóttir (Atvinnu- og nýsköpunarstyrkir), Helga Guðjónsdóttir (Atvinnu- og nýsköpunarstyrkir) Sigursteinn Sigurðsson (Stofn- og rekstrarstyrkir og menningarstyrkir), Páll Brynjarsson (Stofn- og rekstrarstyrkir og menningarstyrkir) og Svala Svavarsdóttir (allan fundinn) sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. FUNDARSETNING

Helena Guttormsdóttir setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

2. UMSÓKNIR UM STYRKI TIL ATVINNU- OG NÝSKÖPUNARSTYRKJA 2020

Atvinnuráðgjafarnir, Ólöf Guðmundsdóttir, Ólafur Sveinsson og Helga Guðjónsdóttir gerðu grein fyrir mati fagráðs á umsóknum um styrki til atvinnu- og nýsköpunarverkefna. Úthlutunarnefnd fór yfir allar umsóknirnar og ræddi mat fagráðs. Samþykkt var að úthluta kr. 12.235.000 til 20 umsókna en alls bárust 34 umsóknir í þann hluta.

3. UMSÓKNIR UM STYRKI TIL MENNINGARVERKEFNA OG STOFN- OG REKSTRARSTYRKJA 2020

Úthlutunarnefnd fór yfir allar umsóknir sem bárust í hluta stofn- og rekstrarstyrkja annars vegar og menningarstyrkja hins vegar og ræddu mat fagráðs. Samþykkt var að úthluta í stofn- og rekstrarstyrki kr. 6.450.000 til 10 umsókna en alls bárust 16 umsóknir í þann hluta. Einnig var samþykkt að úthluta kr. 24.900.000 til 68 umsókna en alls bárust 92 umsóknir í þann hluta.

Jónína Erna Arnardóttir stjórnarmaður vék af fundi þegar tekin var afstaða til umsókna sem hún var aðili að.

Kristján Sturluson stjórnarmaður vék af fundi þegar tekin var afstaða til umsókna frá Dalabyggð.

Helena Guttormsdóttir vék af fundi 17:45 og Sigríður Finsen tók við fundarstjórn.

4. NIÐURFELLING ELDRI STYRKJA

Starfsmenn SSV hafa farið yfir eldri styrki sem ekki hefur verið skilað lokaskýrslum eða verkefni hafa ekki náð að fullklára styrki sem þeim hefur verið úthlutað. Svava Svavarsdóttir kynnti tillögu niðurfellinga 2019. Samþykkt að fella niður styrki að upphæð kr. 2.491.582 í atvinnu- og nýsköpunarhluta sem fer til endurúthlutunar síðar.

5. ÚTHLUTUNARHÁTÍÐ UPPBYGGINGARSJÓÐS

Rætt um úthlutunarhátíð Uppbyggingarsjóðs Vesturlands. Áður var búið að ákveða að hún færi fram í Hvalfjarðarsveit þann 7. febrúar. Rætt um nánari staðsetningu í Hvalfjarðarsveit. Starfsmönnum SSV falið að finna stað.

6. ANNAD

Ákveðið var að stjórn myndi rýna vel í niðurstöður styrkúthlutunar og hefði frest til að gera athugasemdir til mánudagsins 27. janúar kl. 12:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:05.